



Reykjavík, 22.04.2013
/ 1.4.1.1

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Efni: Vatnsból á Heiðmerkursvæði og varavatnsból fyrir höfuðborgarsvæðið

Nýlega hefur komið fram sá misskilningur í fjölmiðlum og á málþingum um vatn og vatnsvernd að Grámelur við Nesjavallavirkjun sé skilgreindur sem varavatnsból fyrir Reykjavík.

Vatnsvinnsla Orkuveitu Reykjavíkur fyrir höfuðborgarsvæðið fer fram í Heiðmörk við Gvendarbrunna, á Jaðarsvæði, við Myllulæk og í Vatnsendakrika. Vatnstakan er úr tveimur grunnvatnsstraumum:

1. Gvendarbrunnar, Jaðarsvæði og Myllulækur fá vatn úr Elliðavatnsstraumi
 2. Vatnsendakriki en einnig Myllulækur fá vatn úr Kaldárstraumi
- Í grófum dráttum er Vatnsendakriki varavatnsból fyrir hin vatnsvinnslusvæðin og öfugt.

Vatnsból sem Orkuveita Reykjavíkur nýtir nú á Heiðmerkursvæði eru öll framtíðarvatnsból veitunnar.

Orkuveita Reykjavíkur tekur skýrt fram, að aldrei hafa verið skilgreind varavatnsból fyrir höfuðborgarsvæðið utan Heiðmerkur og óheimilt væri að nýta vatn frá Grámel eða Engidal sem neysluvatn, þar sem tilskilin leyfi liggja ekki fyrir.

Virðingarfyllst,

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	26.4.2013
Málsnr:	1304501
Bréfal:	551

Hólmfríður Sigurðardóttir, umhverfisstjóri

Afrit: Garðabær, Grímsnes- og Grafingshreppur, Hafnarfjarðarbær, Kópavogsbær, Mosfellsbær, Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis, Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, Framkvæmdastjórn vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu, Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun, Íslenskar orkurannsóknir, EFLA Verkfræðistofa, Landmótun, Landslag, Mannvit, Verkfræðistofan Vatnaskil, VSÓ Ráðgjöf, Vatnsveita Hafnarfjarðar og Vatnsveita Kópavogs